

Ársskýrsla Lækjarsels 2012-2013



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið	3
Opnunartími	3
Innra starf	3
Annað starf	4
Starfsmenn	4
Samstarf	4
Aðsóknartölur.....	5
Samantekt-framtíðasýn.....	5

Inngangur

Starfsemin í vetur hefur gengið mjög vel. Það má þó alltaf gera betur og auðvitað er það okkar markmið. Sunna Björg Sigfríðardóttir var verkefnastjóri í Lækjarseli frá ágúst 2012-mars 2013, hún er nú í fæðingarorlofi, Íris Óskarsdóttir hefur tekið við af henni á meðan hún er í orlofi. Í þessari skýrslu verður m.a. farið yfir markmið sem við vinnum eftir, opnunartíma, innra starf, starfsmannamál, aðsóknartölur o.fl.

Markmið

Frístundaheimilið Lækjarsel býður uppá fjölbreytt tómstundastarf fyrir nemendur í 1. - 4. bekk í Lækjarskóla eftir að daglegum skólatíma lýkur. Foreldrar skrá börn sín eftir þörfum hvers og eins. Í frístundaheimilinu kynnast börnin hinum ýmsu tómstundum. Leitast er við að hafa starfið sem fjölbreyttast svo að allir finni eitthvað við sitt hæfi m.a. með útiveru, fjölbreyttum leikföngum, spilum, föndurefni og kubbum.

Opnunartími

Lækjarsel er opið frá klukkan 13:10-17:00 alla virka daga. Við höfum opnað fyrr á daginn þegar það eru skertir dagar hjá skólanum, það er þá yfirleitt 30-60 mínútum fyrr. Krakkarnir fara þó heim á öllum tímum dagsins. Þá daga sem skólinn er með skipulagsdaga er opið allan daginn eða frá klukkan 8:00-17:00 hjá okkur í Lækjarseli, þá daga þurfa foreldrar að skrá börnin sín sérstaklega.

Innra starf

Lækjarsel er með mismunandi starsemi fyrir hvern bekk fyrir sig. 1. og 2.bekkur eru með sömu aðstöðu innan Lækjarskóla og gengur það mjög vel. 3. og 4. bekkur er með sína aðstöðu í íþróttahúsi skólans, þar er lítill salur sem þau eru í og hefur það reynst mjög vel. 1.bekkur fer í val fjórum sinnum í vikur á sínu svæðiog fer í íþróttasalinn einu sinni í viku. 2.bekkur fer í val þrisvar í viku á sínu svæði, einu sinni í viku í íþróttasalinn og einu sinni í viku heimsækir hann 3. Bekk og er það hugsað sem einskonar aðlögun fyrir þau fyrir næsta skóla ár, þá sameinast þau krökkunum sem halda áfram í frístundaheimilunu í 4.bekk. Valið hjá 1. og 2.bekk er mismunandi eftir dögum og lýtur svona út:

- Mánudaga: Útivera, perlur, playmo og dúkkur.

- Þriðjudaga: Útivera, lego, bækur og litir
- Miðvikudaga: Útivera, playmo, litir og perlur
- Fimmtudagar: Útivera, púsl, lego og dúkkur
- Föstudaga: Útivera, kaplakubba , bækur og dúkkur

Annað starf

Við höfum verið með nokkra krakka í sérstöku umbunarkerfi, það hefur verið sniðið fyrir hvern og einn sem á því þarf að halda. Þetta eru krakkar sem eru með stuðning og eiga við hegðunar vanda að stríða, eða eru með einhverjar greiningar sem þarf að hafa í huga. Umbunarkerfið hefur hjálpað þessum einstaklingum mikið og hefur virkað vel. Sumir hafa þurft að safna plúsum, aðrir teyjum til að fá umbun fyrir góða hegðun, á meðan sumir fara úr aðstæðum nokkrum sinnum í viku, það köllum við hópastarf og er til að byggja upp félagstengsl einstaklinga sem fá að bjóða öðrum krökkum með sér.

Starfsmenn

Starfsmenn Lækjarsels hafa verið um 13 þetta skólaárið. Sunna Björg Sigfríðardóttir var verkefnastjóri í Lækjarseli frá september 2012-mars 2013, Íris Óskarsdóttir tók við af Sunnu 1.mars og er nú verkefnastjóri Lækjarsels, Auður Halldórsdóttir sér um starfseminu í 3.bekk, með henni þar eru þrír starfsmenn, Gwendolyn, Sigtryggur hann er stuðningsfulltrúi og Rannveig hún er einnig stuðningsfulltrúi. Með 1. og 2.bekk vinna Ellen stuðningsfulltrúi, Ástrós stuðningsfulltrúi, Álfrún stuðningsfulltrúi, Jón Júlíus, Soí, Ruby og Catherine. Flesti starfsmennirnir eru í 50% stöðu en sumir eru í minni vinnu. Það hættu 2 starfsmenn á árinu það voru Helgi og Hróðmar, Hulda fór í fæðingarorlof. Skrifstofa æskulýðsmála sér um rekstur frístundaheimila í umboði Íþrótt- og tómstundanevndar Hafnarfjarðarbæjar.

Samstarf

Samstarfið við Lækjarskóla er mjög gott. Skólinn er mjög samvinnuþýður og mjög gott að leyta til þeirra og fá hjálp við hvað sem er.

Aðsóknartölur

September 2012 voru á skrá 74-81 börn, fjöldinn er mismunandi eftir dögum

Október 2012 voru á skrá 74-79 börn, fjöldinn er mismunandi eftir dögum

Nóvember 2012 voru á skrá 76-84 börn, fjöldinn er mismunandi eftir dögum

Desember 2012 voru á skrá 81-87 börn, fjöldinn er mismunandi eftir dögum

Janúar 2013 voru á skrá 84-91 börn, fjöldinn er mismunandi eftir dögum

Febrúar 2013 voru á skrá 78-84 börn, fjöldinn er mismunandi eftir dögum

Mars 2013 voru á skrá 78-84 börn, fjöldinn er mismunandi eftir dögum

Apríl 2013 voru á skrá 78-84 börn, fjöldinn er mismunandi eftir dögum

Mái 2013 voru á skrá 75-81 börn, fjöldinn er mismunandi eftir dögum

Samantekt-framtíðasýn

Í heildina litið hefur starfið gengið vel. Þar sem ég tók við 1.mars er erfitt fyrir mig að meta hvernig starfsemin var þegar Sunna var verkefnastjóri, en ég var í 50% stöðu í 3.bekk og myndi segja að starfið hafi gengið vel í vetur, aðal breytingin sem ég gerði var að setja val af stað í 1. og 2.bekk og það er mikill munur á starfinu eftir að valið kom. Það var oft mikil læti og erill en valið kemur á góðu skipulagi og rólegheitum. Framtíð Lækjarsels er björt og stefnan er að gera starfið enn betra og koma enn betra skipulagi á hlutina.

Íris Óskarsdóttir
Verkefnastjóri Lækjarsels